

Auglýsing um breytingu á gjaldskrá

Fráveitu Hveragerðis nr. 119/2011

1. grein

3. gr gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og reksturs fráveitna nr. 9/2009. Fráveitugjaldið, ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald í Hveragerði er 0,21% af fasteignamati fasteigna.

2. grein

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fráveita Hveragerðis annast árlega tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Hveragerði. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald í Hveragerði fyrir hreinsun hvernar rotþróar minni en 5 rúmmetra að stærð eru 36.500 kr. Fyrir hreinsun rotþróa, stærri en 5 rúmmetrar skal gjald fyrir tæmingu þeirra vera í samræmi við raunkostnað í hverju tilviki fyrir sig.

3. grein

Auglýsing þessi til breytingar á gjaldskrá, sem samþykkt var af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og reksturs fráveitna, þann 13. desember 2018, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Hveragerði 13. desember 2018


Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri.

